



Ráðhús Reykjavíkur
Forsætisnefnd

Efni: Tillaga ungmennaráðs Breiðholts um fræðslu um þungaröf

Á fundi borgarstjórnar og Reykjavíkurráðs ungmenna þann 11. júní 2021 var lögð fram svohljóðandi tillaga Anniju Keitu Róbertsdóttur frá ungmennaráði Breiðholts:

Lagt er til að borgarstjórn samþykki að fela skóla- og frístundaráði að sjá til þess að börn og unglingar á mið- og unglingastigi í grunnskólum í Reykjavík fái fræðslu um þungunaröf eigi síðar en veturinn 2022-2023.

Tillaga Anniju var send starfshópi um kynja- og hinseginfræðslu til meðferðar. Eftirfarandi er afgreiðsla starfshópsins:

Í tilraunaverkefni borgarinnar er þegar gert ráð fyrir fræðslu um þungun og þungunaröf fyrir unglingastig. Auk þess ræða skólahjúkrunarfræðingar um þungunaröf við alla nemendur í 10. bekk á landinu og einnig má finna fræðslu um það í eftirfarandi námsefni frá Menntamálastofnun:

- Í bókinni Mannslíkaminn er fjallað um þungunaröf. Ný prentun kom út árið 2019 og þá var orðalagi í bókinni breytt frá fóstureyðingu í þungunaröf: <https://vefir.mms.is/flettibaekur/namsefni/mannslikaminn/134/>
- https://vefir.mms.is/flettibaekur/namsefni/kynlif_stelpur/ Til stendur að uppfæra námsefnið um stráka og stelpur og sameina það undir heitinu Kynlíf fyrir alla.
- Kynfræðsluvefurinn – <https://www1.mms.is/kyn/index.php>
- Fjallað um neyðarpilluna <https://www1.mms.is/kyn/varnir.php?id=650>
- Á ferð um samfélagið: https://vefir.mms.is/flettibaekur/namsefni/a_ferd_um_samfelagid/
- Hér er fjallað um fóstureyðingar https://vefir.mms.is/flettibaekur/namsefni/a_ferd_um_samfelagid/168/

Fræðsla um þungunaröf er því nú þegar í boði fyrir alla á unglingastigi en ekki er til námsefni um það sem ætlað er miðstigi grunnskóla. Mikilvægt er að gæta að réttri orðanotkun en í dag er frekar talað um þungunaröf en fóstureyðingu. Starfshópurinn vill hvetja starfsstaði SFS til að efla enn frekar alhliða kynfræðslu og til að taka þátt í tilraunaverkefni borgarinnar um aukna kynfræðslu og í árlega kynheilbrigðisátakinu Vika6, en hann telur ekki ástæðu til að hvetja sérstaklega til fræðslu um þungunaröf fyrir nemendur á miðstigi nema þá samhliða aukinni almennri kynfræðslu.

Virðingarfyllst

Kolbrún Hrund Sigurgeirsdóttir
verkefnastýra Jafnréttisskóla Reykjavíkur